

FRÁ Krýsuvík, vatnslitir.



ÞRJÚ skrautker úr jarðleir, 1930.



SAMAKONUR, vatnslitir, 1952



HÖGGMYND – án heitis.

Hann mótaði dýrin í leir og málaði bæði olíumyndir og vatnslitamyndir af grænlenskri náttúru.

Hann hafði á yngri árum ferðast um Alpana sem fjallgöngumaður og um óbyggðir í Grænlandi, Noregi, Finnlandi og einnig um Litlu-Asíu. Hann beindi athygli sinni einkum að villtum dýrum, frumbyggjum, gömlum búskaparháttum, eldvirkni og jöklum svo nokkuð sé nefnt. Þetta örvaði þá myndskapandi sýn og listhugsun sem einkenndi hann. Verk eftir Guðmund eru víða til á erlendum söfnum (s.s. á Bretlandi, Indlandi, Bahamaeyjum, í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Austurríki, Sviss og á öllum Norðurlöndunum) en hann tók þátt í fjölda samsýninga og hélt a.m.k. 24 einkasýningar erlendis.

Breytt álit nýrrar kynslóðar

Hér á landi var haldin sýning á list Guðmundar árið 1975 en næstu 10-15 árin þar á eftir umlukti þögnin að mestu leyti þennan fjölhæfa listamann og verk hans. Það var svo fyrir nokkrum árum að staðan breyttist og jákvæð viðhorf og álit ungs fólks og miðaldra á listsköpun Guðmundar komu fram í dagsljósið. Það er eflaust m.a. vegna þess að á sínum tíma var þessi atorkusami og umdeildi Íslendingur aðeins séður í nálægð tímans. Dregin var upp einlit mynd af honum og m.a. talað um hann sem gamaldags og lélegan málara auk þess sem listpólitík um miðbik aldarinnar og í stríðsbyrjun, þegar róttækar fylkingar manna létu gífuryrði falla um menn og menningu, brennimerktu hann og komu beinlínis í veg fyrir að hann nyti fyllilega sannmælis. Einnig hefur tryggð hans við hlutbundna list, dreifing starfskrafta og virk þátttaka í deilum um myndlist átt sinn þátt í skoðanamyndun manna á þeim einarða sjálfstæðis- og fjöllistamanni sem hann var. Það er ef til vill merki um viðsýni ungs fólks að viðhorf til listsköpunar hans hafa breyst. Ungt fólk og miðaldra, sem lætur umrót liðins tíma ekki hafa áhrif á skoðanir sínar á sjálfri sköpuninni, lítur hann augum samtímans í nýju ljósi; ýmsum litbrigðum.



STÚLKA – blýantsteikning.

Ferðagarpur

Guðmundur notaði vatnsliti til að mála skyndimyndir (skissur) á ferðalögum sínum en hann fór um gangandi, á hestum, skíðum, kajökum og síðari æviárin í bifreiðum og oftast með ferðafélaginu Fjallamönnum. Fjallamenn voru t.d. mjög virkir á meðan á Heklugosinu stóð og fékkst Guðmundur m.a. við að túlka ógnarkraft eldgosa og önnur stórbrotin náttúruundur öræfanna.

Þessi mikli ferða- og fjallagarpur, fangaður af fjöllunum, var einnig íþróttamaður í öðrum greinum sem m.a. stundaði sportveiðar. Hann var sagður veiðimaður af guðsnáð og til eru margar sögur af honum úr veiðiferðum.

Í deiglunni

Verið er að vinna að óvenjulegri bók um ævi hans og list á vegum bókaforlagsins Ormstungu, þar sem efnistök og áhersla á myndefni verða ekki með venjubundnu sniði og hvorki verður um að ræða hefðbundna listaverkabók né ævisögurit.

Innan fjölskyldunnar er einnig áformað að halda yfirlitssýningu á verkum Guðmundar á öllum sviðum — á skreytingum, smíðajárnsverkum, listhönnun, myndlist, svartlist, ljósmyndun, kvikmyndun og hnýta með því móti endahnútinn á sýningarhald að sinni.

Frumherji, heimsborgari og náttúrubarn

Nafn Guðmundar frá Miðdal, sem lést 67 ára gamall árið 1963 tengist landslagsmálverkinu sterkt ásamt leirverkum af rjúpum, hröfnum og fálkum. Það er víst að hann var frumherji í fleiri en einum skilningi þess orðs. Honum tókst, framyfir marga aðra listamenn, að helga líf sitt list og listhönnun.

Höggmyndagerð og málun voru meginyrkisefni þessa heimsborgara og náttúrubarns í listinni og lagði hann sig t.d. fram um að vinna að uppbyggjandi hugmyndum í jarðefnaiðnaði á notkun íslensks leirs. Hann hafði sjálfstæðar skoðanir á skipulagi Reykjavíkur og fór ekki dult með álit sitt á ýmsum þjóð- og menningarmálum.

Óhætt er að fullyrða að verk Guðmundar inni á íslenskum heimilum og í íslensku umhverfi mótuðu list-og formskyn margra áður fyrr og gera það ugglaust enn. Það er því vel við hæfi að Kjarvalsstaðir skuli bjóða upp á þessa sýningu þar sem vatnslitamálun var einn þáttur listsköpunar hans en Kristín G. Guðnadóttir segir um hana:

„Meðal vatnslitamynda hans er fjöldi nærmynda af náttúrunni, en einmitt í þeim verkum sem sýna fjölbreytileik og fínleg blæbrigði hins smágerða fjallagróðurs gætir sterkrar tilhneigingar til að losa um formgerð verkanna og láta litbrigði jarðarinnar mála sig sjálf, eins og sjá má í verkinu *Mosi og gróður*. Þessi upplausn formanna gerir listamanninum þannig kleift að miðla fjölbreytilegri náttúrusýn en áður.“

Höfundurinn er ljóðskáld og kennari.